

## Svar

félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn frá Guðbjarti Hannessyni um búsetuland og greiðslur almannatrygginga til örorkulífeyrisþega.

1. *Hversu margir örorkulífeyrisþegar búsettir á Íslandi á árunum 2013 og 2014 fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Í töflu 1 má sjá hve margir örorkulífeyrisþegar á Íslandi í maí og nóvember 2013 og 2014 fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis.

**Tafla 1. Örorkulífeyrisþegar sem fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis í maí og nóvember 2013 og 2014.**

Dagsetning	Fjöldi
1. maí 2013	655
1. nóvember 2013	691
1. maí 2014	716
1. nóvember 2014	736

2. *Hversu margir örorkulífeyrisþegar búsettir á Íslandi sem fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis voru búsettir í ríkjum a) utan, b) innan EES-svæðisins fyrir flutning til Íslands?*

Í töflu 2 kemur fram hversu margir örorkulífeyrisþegar sem búsettir voru á Íslandi og fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis voru búsettir í ríkjum utan EES-svæðisins annars vegar og innan EES-svæðisins hins vegar fyrir flutning til Íslands. Miðað er við sömu dagsetningar og í 1. tölul. fyrirspurnarinnar.

Í tilvikum ellefu einstaklinga var fyrra búsetuland ekki skráð í tölvukerfi Tryggingastofnunar ríkisins. Þá var í nokkrum tilfellum um að ræða búsetu einstaklinga í ríkjum bæði innan og utan EES-svæðisins.

**Tafla 2. Örorkulífeyrisþegar sem búsettir voru á Íslandi og fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu í ríkjum annars vegar utan EES-svæðisins og hins vegar innan EES-svæðisins fyrir flutning til Íslands.**

Dagsetning	Fjöldi búsettur í ríkjum utan EES fyrir flutning	Fjöldi búsettur í ríkjum innan EES fyrir flutning
1. maí 2013	256	426
1. nóvember 2013	263	458
1. maí 2014	274	474
1. nóvember 2014	281	487

3. *Hversu margir örorkulífeyrisþegar skv. 1. tölul. fá engar greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi?*

Tafla 3 sýnir hversu margir örorkulífeyrisþegar skv. 1. tölul. fá engar greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi.

Upplýsingar fyrir árið 2014 miðast við tekjuáætlun þess árs, en upplýsingar fyrir árið 2013 miðast í flestum tilfellum við skattframtöl.

**Tafla 3. Örorkulífeyrisþegar sem fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis og engar greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi í maí og nóvember 2013 og 2014.**

<b>Dagsetning</b>	<b>Fjöldi</b>
1. maí 2013	568
1. nóvember 2013	604
1. maí 2014	627
1. nóvember 2014	651

4. *Hversu stórt hlutfall örorkulífeyrisþega skv. 1. tölul. fær ekki greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi þrátt fyrir að milliríkjasamningur sé í gildi milli Íslands og fyrra búsetulands?*

Í töflu 4 sést hver heildarfjöldi örorkulífeyrisþega er frá ríkjum sem gerðir hafa verið milliríkjasamningar við, hversu margir þeirra fá ekki greiðslur frá fyrra búsetulandi og hlutfall þeirra af heildarfjöldanum. Miðað er við maí og nóvember á árunum 2013 og 2014.

Það skal tekið fram að örorkulífeyrir greiðist á grundvelli milliríkjasamninga hafi viðkomandi áunnið sér rétt til lögbundinna greiðslna á grundvelli iðgjaldagreiðslu, vinnu eða búsetu og fullnægi skilyrðum samkvæmt löggjöf þess ríkis fyrir greiðslunum. Þar sem löggjöf ríkja getur verið mismunandi hvað þetta varðar getur sú staða komið upp að örorka og réttur til lífeyris sé viðurkenndur í einu ríki en ekki öðru. Það getur leitt til þess að þótt viðkomandi hafi verið búsettur í öðru samningsríki fyrir flutning til Íslands þá hafi hann ekki verið tryggður í því landi. Mörg ríki í Evrópu byggja t.d. á iðgjaldakerfi þar sem einstaklingar öðlast réttindi á grundvelli greiðslu iðgjalda en ekki búsetu. Hafi ekki verið um greiðslu slíkra iðgjalda að ræða hefur viðkomandi ekki áunnið sér nein réttindi í því landi sem flutt var frá. Einnig kann að vera að ekki sé til staðar tryggingakerfi í brottflutningsríkinu eða að viðkomandi einstaklingur hafi ekki áunnið sér rétt til greiðslna samkvæmt ákvæðum í milliríkjasamningum.

Loks ber þess að geta að reglur um örorkumat eru mismunandi á milli landa og hverju landi er í sjálfsvald sett hvernig slíku mati er háttáð. Þannig getur komið upp sú staða að einstaklingur sem hefur fengið örorkumat hér á landi á grundvelli 18. gr. laga um almannatryggingar uppfylli ekki skilyrði fyrir slíku mati í því landi sem hann bjó í fyrir flutninginn. Það mundi leiða til þess að örorkubætur greiddust aðeins frá Íslandi en ekki frá fyrra búsetulandi.

**Tafla 4. Örorculífeyrisþegar sem fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis í ríkjum sem gerðir hafa verið milliríkjasamningar við, fjöldi þeirra sem fékk ekki greiðslur (þ.e. erlendan grunnlífeyri) frá fyrra búsetulandi og hlutfall þeirra af heildarfjöldanum í maí og nóvember 2013 og 2014.**

Dagsetning	Fjöldi sem fellur undir milliríkja-samninga við fyrra búsetuland	Þar af með engar greiðslur í fyrra búsetulandi
1. maí 2013	481	396 (82%)
1. nóvember 2013	508	423 (83%)
1. maí 2014	521	433 (83%)
1. nóvember 2014	536	452 (84%)

5. *Hversu margir örorculífeyrisþegar skv. 1. tölul. féllu í eftirtalda tekjuflokka á árunum 2013 og 2014 (skattskyldar tekjur í maí og nóvember) sem miðast við allar skattskyldar tekjur:*

- 0–79.999 kr.,
- 80.000–99.999 kr.,
- 100.000–129.999 kr.,
- 130.000–149.999 kr.,
- 150.000–169.999 kr.,
- 170.000–189.999 kr.,
- 190.000–209.999 kr.,
- 210.000–229.999 kr.,
- 230.000 kr. eða hærri?

Í töflu 5 koma fram upplýsingar um hve margir örorculífeyrisþegar féllu í umrædda tekjuflokka. Miðað er við skattskyldar tekjur utan bóta almannatrygginga í maí og nóvember 2013 og 2014.

**Tafla 5. Örorculífeyrisþegar sem fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum í maí og nóvember 2013 og 2014 vegna búsetu erlendis og eru í framangreindum tekjuflokkum.**

Ár-Mán	0-79.999 kr.	80.000-99.999 kr.	100.000-129.999 kr.	130.000-149.999 kr.	150.000-169.999 kr.	170.000-189.999 kr.	190.000-209.999 kr.	210.000-229.999 kr.	230.000 kr. eða hærri
01.05.2013	378	40	56	37	25	19	13	21	66
01.11.2013	404	46	59	37	23	22	7	16	77
01.05.2014	409	56	55	32	30	29	12	18	75
01.11.2014	442	49	51	34	23	30	15	19	73

